

Nefndarálit

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 108/2007,
um verðbréfavíðskipti, og lögum nr. 110/2007, um kauphallir
(framkvæmd fyrirmæla, tilkynning um víðskipti o.fl.).

Frá efnahags- og víðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðbjörgu Evu Baldursdóttur frá fjármála- og efnahagsráðuneyti. Þá bást nefndinni umsagnir um málið frá Fjármálaeftirlitinu og Persónuvernd.

Meginefni frumvarpsins snýr að breytingu á lögum um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007, með síðari breytingum. Þá felur frumvarpið einnig í sér tillögu að breytingu á lögum um kauphallir, nr. 110/2007, með síðari breytingum. Breytingartillögur frumvarpsins eru að mestu tilkomnar vegna athugasemda Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) við innleiðingu á MIFID-tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB. Þá er verið að bregðast við nokkrum ábendingum um meinbugi á lögum um verðbréfavíðskipti og lúta að aukinni fjárfestavernd og eflingu eftirlits á verðbréfamarkaði, m.a. í ljósi lærdóms af fjármálakreppunni.

Meðal helstu atriða frumvarpsins eru tillaga um breytingu á II. kafla laga um verðbréfavíðskipti sem fjallar um fjárfestavernd og skyldur fjármálafyrirtækja á skipulegum verðbréfamarkaði við framkvæmd víðskiptafyrirmæla. Lagt er til nýtt ákvæði sem ætlað er að taka af allan vafa um að markaðsaðilum beri ekki skylda til að yfirfæra þær skyldur sem á þeim hvíla við framkvæmd víðskipta samkvæmt kaflanum, svo sem um skriflegan samning, skráningu og yfirlit, sbr. 9. gr., um upplýsingagjöf til víðskiptavina, sbr. 14. gr., og um bestu framkvæmd, sbr. 18. gr., í víðskiptum sín á milli. Þó er áréttað að fjármálafyrirtæki skuli framfylgja skyldum skv. II. kafla gagnvart víðskiptavinum sínum þegar þau framkvæma víðskiptafyrirmæli fyrir þeirra hönd á skipulegum verðbréfamarkaði.

Önnur breyting sem lögð er til í frumvarpinu er að fjármálafyrirtæki verði óheimilt að bjóða fjárfesti þjónustu áður en búíð er að fella hann í víðeigandi flokk víðskiptavina.

Einnig er lagt til að fjármálafyrirtækjum verði gert skylt að tilkynna víðskipti með fjármálagerninga hjá öllum víðskiptavinum með einkvæmu auðkenni víðskiptamanns (kennitölu). Hingað til hefur verið stuðst við sérstakt víðskiptanúmer eða reikningsnúmer sem sérkenni víðskiptamanns. Tilkynningarnar eru hluti af svokölluðu TRS-kerfi (e. Transaction Reporting System). Núverandi fyrirkomulag er með þeim hætti að hvert fjármálafyrirtæki fyrir sig gefur hverjum aðila að víðskiptum víðskiptanúmer. Hver víðskiptavinur getur því verið með fjölda mismunandi víðskiptanúmera, eitt í hverju fjármálafyrirtæki. Eftirlitsaðilar hafa talið þetta fyrirkomulag gallað þar sem upplýsingarnar séu ekki á heppilegu formi sem aftur torveldi alla úrvinnslu og greiningu. Í því sambandi vekur nefndin athygli á að fjallað var sérstaklega um TRS-kefið og annmarka þess í 4. bindi skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Þar segir að gagnagrunnur, sem myndaður er úr þeim upplýsingum sem TRS-kerfið safnar, hafi í aðdraganda hrunsins ekki verið notaður þar sem m.a. eiginleikar þeirra gagna sem kerfið skilar væru á óheppilegu formi til greiningar og það torvelaði allt eftirlit. Nefnd-

in bendir á að verði sú breyting sem lögð er til í frumvarpinu samþykkt mun eftirleiðis stuðst við einkvæmt auðkenni í stað viðskiptanúmers í öllum tilkynningum fjármálafrirtækis til Fjármálaeftirlits um viðskipti viðskiptamanna. Þetta á við hvort heldur um er að ræða persónur eða lögaðila. Það er því mat nefndarinnar að þetta nýmæli sé til þess fallið að einfalda kerfið og auðvelda eftirlit.

Loks er lagt til að nýtt ákvæði komi inn í lög um kauphallir, nr. 110/2007, sem fjallar um réttindi skipulegra verðbréfamarkaða til að koma á gagnkvæmu sambandi á milli skipulegs verðbréfamarkaðar og miðlægs mótaðila eða greiðslujöfnunarstöðvar sem starfa innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Nefndin telur umræddar breytingar til þess fallnar að styrkja umrædda löggjöf og vekur athygli á að fyrir nefndinni komu ekki fram neinar athugasemdir við efni frumvarpsins.

Í ljósi framangreinds leggur nefndin til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt**.

Guðmundur Steingrímsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. febrúar 2014.

Frosti Sigurjónsson,
form.

Vilhjálmur Bjarnason,
frsm.

Pétur H. Blöndal.

Willum Þór Þórsson.

Árni Páll Árnason.

Líneik Anna Sævarsdóttir.

Ragnheiður Ríkharðsdóttir.

Steingrímur J. Sigfússon.